




SAMEYKI

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Stofnun ársins 2021



Stofnun ársins 2021

– framkvæmd

Stofnun ársins var að þessu sinni framkvæmd í nóvember og desember á síðasta ári. Það er í fyrsta skipti sem Stofnun ársins er framkvæmd á þessum tíma. Fyrri ár hefur framkvæmd könnunarinnar farið fram í febrúar og mars. Aðrar breytingar við framkvæmd voru breyttir stærðarflokkar stofnana, en með stækkun og sameiningu stofnana hafa æ færri stofnanir verið í minnsta stærðarflokknum og því nauðsynlegt að breyta þeim. Þá var sú breyting að Kjara- og mannauðssýslan útbjó lista yfir allt starfsfólk ríkisstofnana. Listar komu því ekki nema að takmörkuðu leyti frá stofnununum sjálfum. Líkt og áður eru Fjármála og efnahagsráðuneytið, Mannauðsdeild Reykjavíkurborgar og Sameyki í samstarfi um könnunina. Ríkið tekur þátt í könnuninni fyrir alla starfsmenn ríkisins burtséð frá félagsaðild.


Sameyki býður öllum stofnunum utan ríkisins að taka þátt í könnuninni fyrir allt starfsfólk – án tillits til þess hvort starfsfólkið sé í Sameyki eða ekki. Þetta gildir um stofnanir sveitarfélaga, sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki borgarinnar. Þær stofnanir greiða sjálfar fyrir þátttöku þeirra sem eru ekki í Sameyki. Átta slíkar stofnanir tóku þátt.

Átta stofnanir þáðu boð um að taka þátt í Stofnun ársins fyrir alla starfsmenn:

Bændasamtök Íslands, Heilsustofnun NLFÍ, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), Matís ohf., Orkubú Vestfjarða (OV), Reykjalundur, Sjálfsbjargarheimilið og Félagsbústaðir

Um könnunina

Val á stofnun og fyrirtæki ársins er samstarfsverkefni margra aðila; Sameykis, Kjara- og mannauðssýslunnar og svo stofnananna sjálfra. Niðurstöður könnunarinnar veita afar mikilvægar upplýsingar um starfsumhverfi vinnustaða og samanburð við aðrar stofnanir. Einnig er hægt að bera saman starfsumhverfi stofnana og fyrirtækja á almennum markaði þar sem VR framkvæmir sambærilega könnun, Fyrirtæki ársins, meðal fyrirtækja.



Mynd 1: Vægi þátta í heildareinkunn hjá ríkisstofnunum og sjálfseignarstofnunum. Vægi þátta hjá Sameyki borg og bæ, vikur lítillega frá þessari mynd

Tilgangur könnunarinnar

Tilgangur með vali á stofnun ársins er að taka eftir og verðlauna vinnustaði sem ná framúrskarandi árangri í mannauðsstjórnun. Þá nýtist könnunin stjórnendum til að vinna að umbótum í stjórnun og starfsumhverfi. Að lokum veitir könnunin aðhald til hagsbóta fyrir starfsfólk, skjólstæðinga, viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila.

Spurningalisti er lagður fyrir starfsfólk á netinu. Mælingin nær yfir níu ólíka þætti en þannig fæst heilsteyp mynd af innra starfsumhverfi stofnana.

Þáttagreining (*factor analysis*) var notuð til að greina þá undirliggjandi þætti sem eru mældir. Í megindráttum komu fram níu þættir: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti. Vægi þáttanna í heildareinkunn ákvarðast af þáttagreiningunni (sjá mynd 1) en stofnunum er síðan raðað eftir heildareinkunninni.

Alls fengust gild svör frá ríflega 13.300 starfsmönnum og er það lítið eitt meira en á síðasta ári. Þar af bárust svör frá ríflega 12.000 starfsmönnum ríkisstofnana og sjálfseignarstofnana og ríflega 1.200 starfsmönnum sveitarfélaga og fyrirtækja borgarinnar. Svarhlutfall, gildir listar af endanlegu úrtaki, var rúmlega 43%.

Stofnanir á lista

Stofnunum er gróflega skipt í tvo flokka: Annarsvegar sveitarfélög og borgarstofnanir og hins vegar ríkisstofnanir og sjálfseignarstofnanir.

Að baki valinu á Stofnun ársins liggja niðurstöður stofnana sem uppfylla skilyrði um svörun (35% svarhlutfall og að lágmarki 5 svör) og byggir sá hluti á tæplega 12.000 svörum hjá ríkisstofnunum og sjálfseignarstofnunum en aðeins ríflega 400 svörum hjá borg og bæ.

Heildarfjöldi stofnana sem komst á lista þetta árið voru 152 í flokki ríkisstofnana og sjálfseignarstofnana, en 14 í flokknum borg og bæ. Í síðustu könnun sem var framkvæmd í febrúar og mars 2020 komust 143 stofnanir á lista í flokki ríkisstofnana og sjálfseignarstofnana, en 20 í flokknum borg og bæ. Heildarfjöldi stofnana er því svipaður og fyrri ár.

Aðgengi stofnana að ítarlegri niðurstöðum

Allar ríkisstofnanir sem eru þátttakendur í könnuninni fá senda skýrslu með niðurstöðum svo fremi sem skilyrði um lágmarkssvörun séu uppfyllt (35% þátttaka).

Öðrum þátttökustofnunum (sem standa utan ríkisins) gefst kostur á að kaupa skýrslu frá Gallup fyrir sína stofnun, svo framarlega sem skilyrði um svörun séu uppfyllt.


Í skýrslunni sem stofnanir fá er gerð ítarleg greining á niðurstöðum könnunarinnar. Í henni er m.a. borin saman meðaltalseinkunn hvernar spurningar hjá viðkomandi stofnun við meðaltalseinkunn allra stofnana. Einnig eru breytingar frá síðustu mælingu skoðaðar þegar það á við.

Ef óskað er frekari upplýsinga má hafa samband við Tómas Bjarnason (tomas.bjarnason@gallup.is) eða Írisi Björgu Birgisdóttur (iris@gallup.is) hjá Gallup.

Þátttökuskilyrði

Til að stofnun nái inn á listann þarf svarhlutfall að vera að lágmarki 35% – þá er miðað við svarhlutfall af útsendum spurningalistum. Fimm svör þurfa að berast frá stofnun að lágmarki, en auknar kröfur eru gerðar um fjölda svara eftir því sem starfsfólki stofnunarinnar fjölgar.

Könnunin náði til allra ríkisstofnana sem og til allra félagsmanna Sameykis sem eru í 30% starfi eða meira og höfðu verið félagsmenn í a.m.k. þrjá mánuði. Félagsmenn Sameykis starfa víða, t.d. í sveitarfélögum (aðallega Reykjavík, Akranesi og Seltjarnarnesi), fyrirtækjum borgarinnar, á sjálfseignarstofnunum eða stofnunum í eigu annara en ríkisins. Þessar stofnanir eru einnig með í vali á stofnun ársins svo fremi sem þær uppfylli almenn þátttökuskilyrði. Þá geta þessar stofnanir óskað eftir þátttöku í Stofnun ársins og boðið öllu starfsfólki að svara könnuninni.



Tæplega 13.300 manns
svöruðu könnuninni

Mynd 2: Þátttaka í könnuninni eftir kyni



Stofnun ársins

– ríkisstofnanir og sjálfseignarstofnanir

Eins og nefnt var hér fyrr, eru stærðarflokkar stofnananna breyttir frá fyrri mælingum. Með stækkun og sameiningu ríkisstofnana hefur litlum stofnunum fækkað og stærri stofnunum þá fjölgað að sama skapi. Litlar stofnanir (5-39 starfsmenn), meðal stórar (40-89 starfsmenn) og stórar stofnanir (90 og fleiri starfsmenn). Í heildina komust 152 stofnanir á lista.

Hvaða stofnanir eru „Stofnun ársins“ 2021?

Í hverjum stærðarflokki er svo valin stofnun ársins. Sú stofnun sem nær hæstu heildareinkunn úr vegnu meðaltali úr þáttunum níu fær það sæmdarheiti.

Stofnanir ársins eru þrjár: Heilsustofnun (NLFÍ) er sigurvegari í flokki stórra stofnana. Menntaskólinn á Egilsstöðum er sigurvegari í flokki meðalstórra stofnana og Jafnréttisstofa bar sigur úr býtum í flokki minnstu stofnana.

Hvaða stofnanir eru fyrirmyndarstofnanir 2021?

Í hverjum stærðarflokki hljóta efstu stofnanirnar sæmdarheitið *Fyrirmyndarstofnanir*. Í flokki stærstu stofnana eru fimm fyrirmyndarstofnanir, eins og sjá má í töflu 1. Gaman að segja frá því að nokkrir nýliðar eru á listanum. *Fjármála- og efnahagsráðuneytið* vermir annað sæti listans á eftir *Heilsustofnuninni* (NLFÍ). *Fjármála- og efnahagsráðuneytið* var í 22. sæti stórra stofnana í síðustu mælingu og tekur því stórt stökk upp á við. *Fjölbautarskóli Suðurnesja* er í þriðja sæti listans, en var í 7. sæti stórra stofnana í síðustu mælingu. *Menntaskólinn í Hamrahlíð* er í fjórða sæti listans, en skólinn var í 5. sæti stórra stofnana í síðustu mælingu. Í fimmta sætinu er svo *ÁTVR* eða *Vínbúðin*, sem um þessar mundir fagnar 100 ára afmæli. *Vínbúðin* var í 10. sæti stórra stofnana í síðustu könnun. Heilsustofnun NLFÍ, sem sigrar núna, var í 23. sæti í flokki stórra stofnana í síðustu mælingu. Hér er því um mikið og gott stökk hjá þeim að ræða.

Fyrirmyndarstofnanir – 90 starfsmenn eða fleiri

Tafla 1: Fyrirmyndarstofnanir stórra stofnana

	Fyrirmyndarstofnanir með 90 starfsmenn eða fleiri	Heildareinkunn
1.	Heilsustofnun NLFÍ *	4,328
2.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	4,294
3.	Fjölbautarskóli Suðurnesja	4,251
4.	Menntaskólinn við Hamrahlíð	4,244
5.	ÁTVR (Vínbúðin)	4,223

Í flokki meðalstórra stofnana eru fyrirmyndarstofnanirnar einnig fimm, auk Menntaskólans á Egilsstöðum eru það Ríkisendurskoðun, Fjölbautaskólinn í Garðabæ, Fjölbautaskóli Norðurlands vestra og Skógræktin sem fá sæmdarheitið „fyrirmyndarstofnun“, eins og sjá má í töflu 2. Allar þessar stofnanir voru í flokki stórra stofnana í síðustu mælingu, nema Menntaskólinn á Egilsstöðum. Ríkisendurskoðun var þá í fjórða sæti, Fjölbautaskólinn í Garðabæ í öðru sæti, Fjölbautaskóli Norðurlands vestra var í þriðja sæti og Skógræktin í því níunda.

Fyrirmyndarstofnanir – 40 til 89 starfsmenn

Tafla 2: Fyrirmyndarstofnanir meðalstórra stofnana

	Fyrirmyndarstofnanir með 40 til 89 starfsmenn	Heildareinkunn
1.	Menntaskólinn á Egilsstöðum	4,518
2.	Ríkisendurskoðun	4,452
3.	Fjölbautaskólinn í Garðabæ	4,331
4.	Fjölbautaskóli Norðurlands vestra	4,323
5.	Skógræktin	4,308

Í flokki minnstu stofnananna eru fyrirmyndarstofnanir einnig fimm. Auk Jafnréttisstofu sem einnig var í fyrsta sæti í flokki minnstu stofnananna í síðustu mælingu, eru það Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Geislavarnir ríkisins og Héraðsdómur Reykjaness sem verma fimm efstu sætin, eins og sjá má í töflu 3. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum og Menntaskólinn á Tröllaskaga voru í tveimur efstu sætunum í síðustu mælingu í flokki millistórra stofnana (með 20-49 starfsmenn). Geislavarnir ríkisins voru í öðru sæti í síðustu mælingu í flokki lítilla stofnana (með færri en 20 starfsmenn). Héraðsdómur Reykjaness náði ekki inn á lista í síðustu mælingu.

Fyrirmyndarstofnanir – 5-39 starfsmenn

Tafla 3: Fyrirmyndarstofnanir lítilla stofnana

	Fyrirmyndarstofnanir með 5-39 starfsmenn	Heildareinkunn
1.	Jafnréttisstofa	4,784
2.	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	4,752
3.	Menntaskólinn á Tröllaskaga	4,679
4.	Geislavarnir ríkisins	4,638
5.	Héraðsdómur Reykjaness	4,595

Hástökkvari ríkisstofnana og sjálfseignarstofnana

Hvaða stofnun stekkur hæst?

Hástökkvari ríkis- og sjálfseignarstofnana er Ríkiskaup. Við útreikning á hástökkvurum er fyrst reiknuð raðeinkunn fyrir allar stofnanir á bilinu 1-100 og þá er reiknaður munur á raðeinkunn milli ára. Ríkiskaup hækkar mest frá síðasta ári, eða um 68 sæti. Þá er átt við sæti á raðeinkunninni.



Stofnun ársins

– borg og bær stofnanir sveitarfélaga og fyrirtækja borgarinnar

Alls komust 14 stofnanir á lista í þessum flokki, sem er heldur minna en fyrri ár og því er listinn bara einn þetta árið en hann hefur verið tvískiptur fyrri ár, þ.e. skipt í litlar og stórar stofnanir.

Frístundamiðstöðin Tjörnin vermir efsta sæti á listanum yfir stofnanir sem tilheyra sveitarfélögum og fyrirtækjum borgarinnar.

Fyrirmyndarvinnustaðir

Auk þess að velja stofnun ársins í þessum flokki eru einnig valdir fjórir fyrirmyndarvinnustaðir. Auk Tjarnarinnar eru það *Frístundamiðstöðin Gufunesbær*, *Norðlingaskóli*, *Frístundamiðstöðin Miðberg* og *Orkuveita Reykjavíkur* sem verma efstu fimm sætin, eins og sjá má í töflu 4. Flestar þessara stofnana hafa vermt efstu sæti listans um árabil.

Fyrirmyndarstofnanir – borg og bær

Tafla 4: Fyrirmyndarvinnustaðir: Stofnun ársins – borg og bær

	Fyrirmyndarvinnustaðir – Stofnun ársins – borg og bær	Heildareinkunn
1.	Frístundamiðstöðin Tjörnin	4,539
2.	Frístundamiðstöðin Gufunesbær	4,478
3.	Norðlingaskóli	4,450
4.	Frístundamiðstöðin Miðberg	4,365
5.	Orkuveita Reykjavíkur	4,318

Hástökkvari ársins 2021 í flokki stofnana sveitarfélaga og borgarstofnana

Hástökkvari könnunarinnar „Stofnun ársins – borg og bær“ er *Frístundamiðstöðin Miðberg*. Við útreikning á hástökkvurum er fyrst reiknuð raðeinkunn fyrir allar stofnanir á bilinu 1-100 og þá er reiknaður munur á raðeinkunn milli ára. Með þessari aðferð stekkur Miðberg lengst allra, eða um 39 sæti. Sameyki óskar starfsmönnum og stjórnendum innilega til hamingju með þennan glæsilega árangur og óskar þeim alls hins besta í framtíðinni.



Sameyki óskar starfsmönnum og stjórnendum þessara stofnana innilega til hamingju með þennan glæsilega árangur og óskar þeim alls hins besta í framtíðinni.

Einkunnir þáttanna níu meðal stofnana á lista

Meðaleinkunn stofnana (ríkis- og sjálfseignarstofnanir) sem komust á lista er 4,04 og stendur einkunnin í stað milli ára. Níu þættir liggja að baki heildareinkunninni. Einn þáttur lækkar lítillega frá því í síðustu mælingu og er það „sveigjanleiki vinnu“ (-0,06). Tveir þættir hækka lítillega, „ímynd“ (0,04) og „launakjör“ (0,04).


„Heildareinkunn í Stofnun ársins – borg og bær hefur aldrei mælst hærri en nú – ríkis- og sjálfseignarstofnanir standa í stað“

Meðaleinkunn í „Stofnun ársins – borg og bær“ mælist hærri en hjá ríkis- og sjálfseignarstofnunum, eða 4,14 og hefur heildareinkunnin aldrei mælst hærri (sjá mynd 3). Meðaleinkunn stofnana sveitarfélaga og fyrirtækja borgarinnar hefur verið lítið eitt hærri en hjá ríki og sjálfseignarstofnunum síðustu þrjú ár.

Hjá ríkisstofnunum og sjálfseignarstofnunum mælist jafnréttisþátturinn hæstur þáttanna níu í þriðja sinn (4,29). Einkunn á þættinum stendur í stað frá fyrra ári en þátturinn hefur hækkað mikið frá því að hann var fyrst mældur (2016). Næstir koma „starfsandi“ og „sjálfstæði í starfi“ – báðir með sömu einkunn (4,24).

Hjá sveitarfélögum og fyrirtækjum borgarinnar er jafnréttisþátturinn einnig hæstur (4,41) í þriðja sinn. Þátturinn hefur einnig hækkað mikið frá því að hann var fyrst mældur í könnuninni. Næst hæsta einkunn mælist á „starfsanda“ (4,37) og svo „ánægju og stolti“ (4,36). Mikil breyting verður á mati á launakjörum milli ára. Sá þáttur hækkar um hvorki meira né minna en 0,38 frá því í síðustu könnun, en þess ber að geta að stofnanir í ár eru fáar og færri en í síðustu mælingu og því færri svarendur sem liggja að baki tölunum.

Á mynd 3 er heildareinkunn og einkunn allra þátta allra stofnana á lista bornar saman. Annars vegar Stofnun ársins (ríkisstofnanir og sjálfseignarstofnanir) og hins vegar Stofnun ársins – borg og bær (sveitarfélög og fyrirtæki borgarinnar).




Mynd 3: Heildareinkunn og einkunnir allra þátta – allar stofnanir á lista

Breytingar þátta frá 2016 meðal stofnana á lista

Jafnréttisþátturinn hefur hækkað mest allra þátta frá 2016 meðal ríkisstofnana og sjálfseignarstofnana, eða um 0,21 á kvarðanum 1-5. Næst mest hækkar þátturinn „launakjör“, eða um 0,19 á kvarðanum 1-5.

Jafnréttisþátturinn hefur hækkað mest allra þátta frá 2016 meðal ríkisstofnana og sjálfseignarstofnana.

Frá 2016 hafa allir þættir hækkað lítillega nema tveir; „sveigjanleiki vinnu“ og „sjálfstæði í starfi“ (sjá mynd 4). Sú lækkun sem verður á sveigjanleika er fyrst og fremst lækkun frá síðustu könnun, en ekki lengri tíma breyting..



Mynd 4: Breytingar á einkunnum allra þátta 2016-2021 – ríkis- og sjálfseignarstofnanir – stofnanir á lista

Einkunnir þáttanna níu hjá þeim sem starfa hjá sveitarfélögum og fyrirtækjum borgarinnar hafa allar hækkað frá 2016, launakjörin hafa hækkað langmest, eða um 0,53 á kvarðanum 1-5. Sú hækkan er að stórum hluta tilkomin vegna hækkunar á þættinum í ár miðað við síðastu könnun. Stjórnunarþátturinn hefur einnig hækkað mikið frá 2016 eða um 0,34.

Hækkun jafnréttisþáttarins kemur kannski ekki á óvart miðað við þann fókus sem jafnréttismál hafa fengið á liðnum árum. Vitundavakning hefur orðið um mikilvægi þess að tryggja fólki öryggi og reisu í samskiptum eftir að fólk greindi frá ýmskonar niðurlægingu, ofbeldi og áreitni sem það hefur þurft að þola en hingað til ekki þorað og/eða viljað ræða við aðra. Enn er þó verk að vinna og enn eru hópar fólks sem dæmt er úr leik vegna ýmissa ytri þátta sem ekki tengjast frammistöðu þeirra í vinnu með neinum hætti. Jafnrétti er stöðugur lærdómur fyrir okkur öll og þróunin hefur verið í þá átt að útvíkka hugtakið smám saman yfir á fleiri svið mannlegra eiginleika. Öll höfum við styrkleika en þeir nýtast ekki nema vinnustaðir skapi umhverfi sem er móttækilegt fyrir einstaklingsbundnum styrkleikum og séu tilbúnir að aðlaga verkefni og vinnubrögð að þeim.


Samanburður við almenna markaðinn – fyrirtæki og stofnanir á lista

Hægt er að bera saman einkunnir allra þátta við könnun VR Fyrirtæki ársins. Stofnun ársins byggir á sömu spurningum og sömu níu þáttum og Fyrirtæki ársins.

Samanburður á einkunnum stofnana sem komast á lista við fyrirtæki sem komust á lista sýnir að fyrirtæki á almenna markaðinum (í könnun VR, Fyrirtæki ársins) koma almennt betur út en vinnustaðir hins opinbera.

Mestu munar á opinbera og almenna markaðnum þegar kemur að viðhorfum til launa, ímyndar og vinnuskilyrða. Starfsfólk á almenna markaðnum er mun ánægðara með laun sín en fólk á opinberum markaði. Þá telur starfsfólk á almenna markaðnum ímynd síns fyrirtækisins vera mun betri en starfsfólk á opinberum vinnustöðum. Að auki telur fólk á almenna markaðnum vinnuskilyrði vera betri en starfsfólk á opinbera markaðnum, svo dæmi sé tekið.

Mynd 5 sýnir hve mikið lægri einkunnir eru í Stofnun ársins (ríki og sjálfseignarstofnanir) og Stofnun ársins – borg og bær samanborið við almenna markaðinn (Fyrirtæki ársins). Á myndinni má sjá að einkunn opinberra vinnustaða er hvergi hærri en fyrirtækjanna og oft umtalsvert lægri. Eins og sjá má á þáttunum „ímynd“ og „launakjör“ svo dæmi sé tekið.




Mynd 5: Samanburður á einkunnum á VR (fyrirtæki á almennum markaði) og Sameyktis ríki og sjálfseignarstofnanir og Sameyktis – borg og bær. Einkunnir fyrirtækja (VR) má finna á <https://www.vr.is/kannanir/fyrirtaeki-arsins-2021/framkvaemdin/>

Samanburður eftir stærð stofnana

Líkt og áður er stofnunum skipt eftir stærð, þ.e. fjölda starfsmanna. Eins og hefur komið fram eru stærðarflokkar breyttir frá því sem áður var, en mynstrið hið sama og áður. Stærstu stofnanirnar koma að meðaltali verr út á öllum þáttunum níu en minni stofnanir. Mesti munur milli stærstu stofnananna og þeirra minnstu er á þáttunum „launakjör“ (-0,59), „vinnuskilyrði“ (-0,39) og „sveigjanleiki“ (-0,34) (sjá mynd 6).

Stærð vinnustaða er almennt talin áhrifabáttur á líðan og viðhorf starfsfólks af nokkrum ástæðum. Samhæfing ólíkra þátta í starfsemi verður flóknari með aukinni stærð en einnig nýta stærri vinnustaðir alla jafna formlegra stjórnunar og skipulag fremur en minni vinnustaðir. Hvoru tveggja getur haft áhrif á aðstæður og samskipti á vinnustaðnum. Ákvarðanatáka getur þannig verið hægari í stærri stofnunum og hendur stjórnenda bundnari í mörgum málum en í minni stofnunum. Á móti kemur að stærri stofnanir hafa meiri bjargir, t.d. til að byggja upp mannauðsdeildir sem veitt geta stjórnendum sérhæfðari aðstoð en annars væri. Að auki eru tækifæri til starfsþróunar og sérhæfingar oftast meiri í stærri stofnunum en minni. Í minni stofnunum geta samskipti verið óformlegri og upplýsingamiðlun einfaldari, þó það sé auðvitað ekki algilt.



Mynd 6: Einkunnir allra þátta eftir stærð stofnunar – allar ríkisstofnanir og sjálfseignarstofnanir á lista (152 stofnanir) – stofnanir sveitarfélaga eru ekki með í þessari greiningu.

Heildarniðurstöður

– svör alls starfsfólks (rúmlega 13.300 svör)

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir heildarniðurstöðum könnunarinnar sem er byggð á svörum rúmlega 13.300 manns. Hér er unnið með öll svör, hvort sem stofnun komst á lista eða ekki og hvort sem svörin komu frá ríkisstofnunum, Reykjavíkurborg eða fyrirtækjum borgarinnar. Niðurstöður hér á eftir víkja því sumstaðar frá þeim niðurstöðum sem sagt hefur verið frá hér á undan.


Heildareinkunn

Heildareinkunnin er vegið meðaltal úr þáttunum níu og það er hún sem notuð er við val á stofnun ársins (sjá mynd 7). Stjórnun vegur þýngst í heildarmatinu, en næst þýngst vega starfsandi og jafnréttisþátturinn

Heildareinkunn og einkunnir þátta taka gildi á bilinu 1 til 5, þar sem 1 gefur til kynna mesta óánægju en 5 gefur til kynna mesta ánægju eða jákvæðustu afstöðuna. Einkunnir eru flokkaðar í fimm flokka: Mjög góð einkunn er á bilinu 4,5-5; frekar góð einkunn á bilinu 3,5-4,4; hvorki góð né slæm einkunn er einkunn á bilinu 2,5-3,4; frekar slæm einkunn á bilinu 1,5-2,4; og mjög slæm einkunn er einkunn á bilinu 1-1,4.

Meðaleinkunnin sem starfsfólk gefur vinnustaðnum er 3,91 (mæld á kvarðanum 1-5). Nærri átta af hverjum tíu svarendum gefa vinnustað sínum „góða“ heildareinkunn (einkunn á bilinu 3,5 til 5,0) og af þeim gefa rúm 18% „mjög góða“ einkunn, það er einkunn á bilinu 4,5 til 5,0. Í síðustu mælingu var einkunnin 3,93 en 3,92 árið 2019. Litlar breytingar eru því á heildareinkunnum milli ára.

Starfsfólk fyrirtækja borgarinnar og sveitarfélaganna sem eru í könnuninni gefa heldur hærri einkunnir en starfsfólk ríkisstofnana og sjálfseignarstofnana (sjá mynd 7).



Mynd 7: Heildareinkunnir 2019, 2020 og 2021 – allar stofnanir og eftir tegund stofnana

Þá gefa yngsti (yngri en 30 ára) og elsti aldurshópurinn (60 ára eða eldri) lítið eitt hærri einkunnir en aldurshóparnir sem eru þarna á milli (30-39 ára, 40-49 ára og 50-59 ára). Stjórnendur gefa einnig hærri einkunn en annað starfsfólk og starfsfólk minni stofnana gefur almennt hærri einkunn en starfsfólk stærri stofnana.

Heildareinkunn	Hæstu meðaltöl	Lægstu meðaltöl
Geiri	Sveitarfélög og fyrirtæki borgarinnar	Ríkis- og sjálfseignarstofnanir
Aldur	30 ára og yngri og 60 ára og eldri	30 - 49 ára
Starf	Stjórnendastarf	Öryggis-, eftirlitsstarf, ræstingar

Stjórnun

Stjórnun vegur þýngst í heildarmatinu á Stofnun ársins. Þátturinn er byggður á 10 spurningum, til dæmis hvort starfsfólk beri traust til stjórnenda, hvort það fái stuðning frá yfirmanni og telji hana eða hann koma fram af sanngirni.


Tæplega átta af hverjum tíu gefa stjórnun „góða“ einkunn, það er einkunn á bilinu 3,5 til 5,0. Þar af gefa tæplega 40% „mjög góða“ einkunn, það er einkunn á bilinu 4,5 til 5,0.

Meðaleinkunnin sem starfsfólk gefur stjórnendum vinnustaðarins er 4,02 (mæld á kvarðanum 1-5) og einkunnin hefur verið næstum alveg sú sama síðustu þrjú ár.

Fyrirtæki borgarinnar og starfsfólk sveitarfélaga gefa stjórnun nokkuð hærri einkunn en starfsfólk ríkisstofnana og sjálfseignarstofnana. Þá gefur yngri fólk (yngri en 30 ára) hærri einkunn en þeir sem eru eldri. Stjórnendur gefa hærri einkunn en annað starfsfólk og starfsfólk minni stofnana gefur almennt hærri einkunn en starfsfólk stærri stofnana.

Flestir bera fullt traust til stjórnenda


Ein spurning í þættinum lítur að því hvort fólk beri traust til stjórnenda sinnar stofnunar. Niðurstöður sýna að tæplega 70% svarenda eru sammála því að þeir beri fullt traust til stjórnenda (sjá mynd 8).



Mynd 8: Ég ber fullt traust til stjórnenda stofnunarinnar. Allir (ríflega 13.300 svarendur), ríki og sjálfseignarstofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki borgarinnar

Starfsandi

Einkunn fyrir starfsanda er 4,20 og stendur einnig í stað milli ára. Mikill meirihluti svarenda gefur starfsanda „góða einkunn“ eða tæplega 85%. Starfsfólk sveitarfélaganna er ánægðast með starfsandann. Þá eru stjórnendur ánægðastir með starfsandann af starfsstéttunum sem eru mældar. Minnst er ánægjan með starfsandann hjá fólki í öryggis-, eftirlitsstörfum og ræstingum. Matið er byggt á þremur spurningum sem lúta að samskiptum og starfsanda, til dæmis hvort fólki komi vel saman við samstarfsfólk sitt og telji starfsanda afslappaðan og óþvingaðan. Nærri átta af hverjum tíu svarendum eru sammála því að starfsandi sé afslappaður og óþvingaður (sjá mynd 9).



Mynd 9: „Starfsandi er venjulega afslappaður og óþvingaður“ – Allir (ríflega 13.300 svarendur)

Launakjör

Þátturinn „launakjör“ er byggður á spurningum um ánægju með laun, sanngirni launa og samanburði á eigin launum og launum annarra á sambærilegum vinnustöðum. Launakjör er sá þáttur könnunarinnar sem ávallt mælist lægstur, þ.e. með minnstu ánægjuna.


Einkunn fyrir launakjör hækkar lítillega frá síðustu mælingu. Þátturinn mælist núna með einkunnina 2,85 en mældist 2,76 fyrir rúmu ári. Riflega 30% gefa launakjörum „góða einkunn“ og er það heldur meira en í fyrri könnunum.

Karlar eru að jafnaði ánægðari með laun sín en konur og er svo einnig nú í þessari könnun. Yngstu svarendurnir eru ánægðari með laun sín en aðrir aldurshópar. Fólk í sölu- og afgreiðslustörfum og stjórnendur eru ánægðari með laun sín en aðrar starfsstéttir og starfsfólk minni stofnana er einnig ánægðara en starfsfólk stærri stofnana. Þetta er endurtekið mynstur í þessari könnun. Meiri ánægja með laun meðal minni stofnana kann að benda til að launasveigjanleiki sé almennt meiri í minni stofnunum en stærri. Starfsfólk fyrirtækja borgarinnar er langánægðast með laun ef launabátturinn er skoðaður eftir atvinnurekanda.

Jafnmargir eru ánægðir með launakjör og óánægðir

Ein spurningin í þættinum er „ánægja með launakjör.“ Álíka margir eru ánægðir með launakjör sín og óánægðir (sjá mynd 10).

Mynd 10: Ánægja með launakjör, Allir (riflega 13.300 svarendur)



Vinnuskilyrði

Mat á vinnuskilyrðum er fengið með sjö spurningum sem snýr að ánægju með ýmsa hluti í rýminu, t.d. loftgæði, lýsingu, hljóðvist o.fl. Einkunnin stendur því sem næst í stað frá síðustu mælingu. Riflega þrír af hverjum fimm gefa vinnuskilyrðum „góða“ einkunn (mjög eða frekar góða, einkunn á bilinu 3,5-5,0) en tæplega einn af hverjum tíu gefa vinnuskilyrðum „slæma“ einkunn (á bilinu 1 til 2,4).

Karlar eru ánægðari með vinnuskilyrði en konur. Elsti svarendahópurinn er ánægðastur allra aldurshópa og stjórnendur ánægðastir allra starfsstétta. Þá er starfsfólk í minnstu stofnununum mun ánægðara en starfsfólk í þeim stærstu. Mest er ánægja með vinnuskilyrði hjá fyrirtækjum borgarinnar.


Sveigjanleiki vinnu

Þátturinn um sveigjanleika í vinnu er samsettur úr fimm spurningum. Þar sem spurt er um til dæmis hvort fólk eigi auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf, hvort fólk hafi svigrúm til að útrétta í vinnutímanum, hvort fólk geti farið úr vinnu með litlum fyrirvara og hvort það geti tekið sumarfrí á þeim tíma sem því hentar. Mat á sveigjanleika lækkar frá síðasta ári um 0,10 (mæld á kvarðanum 1-5). Flestir gefa þó sveigjanleika „góða“ einkunn eða um fjórir af hverjum fimm. Einungis um 5% gefa sveigjanleika „slæma“ einkunn.

Skrifstofufólk gefur sveigjanleika mun hærra einkunn en aðrar starfsstéttir en starfsfólk í öryggis-, eftirlitsstörfum og ræstingum gefa sveigjanleika lægst einkunn starfsstétta.

Sameykisfélagar gefa sveigjanleika heldur hærra einkunn en þeir sem standa utan Sameykis. Þá er ánægja með sveigjanleika töluvert meiri hjá fyrirtækjum borgarinnar en öðrum. Þá dregur úr ánægju með sveigjanleika með aukinni stærð stofnana.

Ein spurning sem tilheyrir sveigjanleikabættinum er „Ég hef svigrúm til að útrétta í vinnutímanum þegar nauðsyn krefur.“ Einkunn þessarar spurningar lækkar um 0,18 (mæld á kvarðanum 1-5) frá því fyrir ári. Þeim sem segjast „alltaf“ eða „oftast“ hafa svigrúm til að útrétta í vinnutímanum fækkað um ríflega 7% milli ára (sjá mynd 11).



Mynd 11: „Ég hef svigrúm til að útrétta í vinnutímanum þegar nauðsyn krefur.“
Allir (ríflega 13.300 svarendur)

Sjálfstæði í starfi

Sjálfstæði í starfi er metið með fjórum spurningum. Spurningum eins og hversu góð tök starfsfólki finnst það hafa á starfi sínu, hversu góða yfirsýn það telur sig hafa yfir verkefni og þau áhrif sem fólk hefur í starfi sínu. Sjálfstæði í starfi mælist svipað nú og síðustu ár. Almennt mælist sjálfstæði í starfi mikið en nærri níu af hverjum tíu gefa sjálfstæði „góða“ einkunn (á bilinu 3,5 til 5).

Sjálfstæði í starfi vex með aldri, enda nær fólk yfirleitt betri tökum á starfi sínu með tímanum og oft getur fólk líka með tímanum aðlagð starfið smám saman að styrkleikum sínum. Stjórnendur gefa hærra einkunn á þættinum en aðrar starfsstéttir en sjálfstæði mælist lægst hjá starfsfólki sem starfar við öryggis-, eftirlitsstörf og ræstingar. Sjálfstæði í starfi er meira hjá starfsfólki minnstu stofnananna en í þeim stærstu.

Ímynd

Mat á ímynd er fengið með þremur spurningum, t.d. hvort starfsfólk telji viðskiptavinum hafa jákvæða afstöðu til stofnunarinnar. Hér er því um að ræða mat starfsfólks á ímynd fyrirtækisins. Mat á ímynd lækkar lítillega frá síðustu könnun en hún mælist jafnhá og 2019. Tveir af hverjum þremur svarendum gefa ímynd „góða einkunn“ (á bilinu 3,5 til 5) en einn af hverjum tíu svarendum gefa sinni stofnun slæma einkunn á ímynd.

Elsti svarendahópurinn hefur jákvæðustu mynd af ímynd síns vinnustaðar af aldurshópunum. Af ólíkum starfstéttum hafa stjórnendur jákvæðustu mynd af ímyndinni. Starfsfólk lítilla stofnana hefur jákvæðari mynd af vinnustaðnum en starfsfólk stærri stofnana.

Ánægja og stolt

Mat á ánægju og stolti er byggt á fjórum spurningum, þ.e. ánægju með starfið, líðan í starfi, hvort viðkomandi er tilbúin(n) til að mæla með stofnuninni og hvort viðkomandi er stolt(ur) af stofnuninni. Einkunnin lækkar lítillega frá síðustu mælingu en einkunnin er enn góð. Ríflega átta af hverjum tíu gefa ánægju og stolti „góða“ einkunn (einkunn á bilinu 3,5 til 5).

Konur gefa þessum þætti lítið eitt hærri einkunn en karlar. Stjórnendur eru lang ánægðastir og stoltastir af öllum starfstéttunum sem er skoðaðar en það dregur úr ánægju og stolti eftir því sem vinnustaðurinn stækkar. Meiri ánægja og stolt er hjá fyrirtækjum borgarinnar og sveitarfélögum en hjá ríki og sjálfs-eignarstofnunum.



Jafnrétti

Jafnréttisþátturinn byggir á sex spurningum sem snúa að jafnrétti, þá bæði almennt um jafnrétti en einnig jafnrétti kynjanna auk spurningar um fjölbreytni starfsmannahópsins. Jafnréttisþátturinn er sá þáttur sem hefur hækkað mest síðan 2016. Einkunn á þættinum stendur í stað og hefur hún verið svipuð síðustu þrjú ár. Nærri níu af hverjum tíu gefa jafnrétti „góða“ einkunn á vinnustaðnum (einkunn á bilinu 3,5 til 5).

Karlar gefa jafnrétti mun hærri einkunn en konur og er það iðulega svo í spurningum um jafnrétti, þ.e. að karlar telja frekar að jafnrétti sé til staðar en konur, jafnt á vinnustaðnum sem og í samfélaginu almennt. Stjórnendur eru langánægðastir með jafnrétti ásamt starfsfólki í sölu- og afgreiðslustörfum. Starfsfólk fyrirtækja borgarinnar er langánægðast með stöðu jafnréttis af þeim vinnuveitendum sem eru skoðaðir en starfsfólk annarra stofnana er ekki eins jákvætt. Starfsfólk minnstu stofnananna er ánægðara með stöðu jafnréttis en starfsfólk stærstu stofnananna.


Hvað segja félagsmenn Sameykis?

Ef skoðuð eru svör annarsvegar Sameykisfélaga og svo þeirra sem ekki tilheyra Sameyki kemur í ljós að svör Sameykisfélaga eru lítið eitt jákvæðari en svör annarra svarenda (sjá mynd 12).

Einnig má sjá að ef Sameykisfélagar eru skoðaðir sérstaklega að litlar jákvæðar breytingar verða á flestum þáttanna, þó með þeirri undantekningu að veruleg jákvæð breyting varð á mati Sameykisfélaga á launakjörum (+0,24) milli ára. Þessar breytingar verða ekki á safninu í heild, heldur eru bundnar við Sameykishópinn.

Á mynd 12 má sjá samanburð á niðurstöðum allra þátta eftir því hvort svarendur tilheyra Sameyki eða ekki. Eins og sjá má á myndinni er ekki ýkja mikill munur á svörum Sameykisfélaga og þeirra sem svara sem ekki tilheyra Sameyki en þó má sjá að félagar í Sameyki eru örlítið sáttari með suma þætti á vinnustaðnum, sérstaklega sveigjanleika vinnu. Sameykisfélagar gefa þeim þætti einkunnina 4,12 en þeir sem ekki eru í Sameyki gefa þættinum að meðaltali einkunnin 3,96.

Viðhorf til launa jákvæðari nú en í síðustu mælingu hjá Sameykisfélögum.



Mynd 12: Einkunnir allra þátta – Sameykisfélagar (tæp 3.800 svör) og öll önnur svör borin saman (rúmlega 9.500 svör) – samtals um 13.300 svör

STOFNUN ÁRSINS BORG OG BÆR - Einkunnir einstakra stofnana (alls 403 svarendur)

Stofnanir	Heildar-einkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálftæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall
Meðaltal	4,138	4,33	4,37	3,10	3,80	4,23	4,33	4,09	4,36	4,41	
1. Frístundamiðstöðin Tjörnin	4,539	4,76	4,72	3,68	4,17	4,51	4,55	4,76	4,77	4,71	60-69%
2. Frístundamiðstöðin Gufunesbær	4,478	4,74	4,71	3,34	3,98	4,54	4,66	4,69	4,65	4,76	35-49%
3. Norðlingaskóli	4,450	4,52	4,51	3,44	4,47	4,51	4,63	4,55	4,64	4,63	60-69%
4. Frístundamiðstöðin Miðberg	4,365	4,51	4,60	3,47	4,00	4,26	4,40	4,56	4,55	4,69	35-49%
5. Orkuveita Reykjavíkur	4,318	4,50	4,50	3,59	4,15	4,58	4,50	3,75	4,47	4,64	35-49%
6. Listasafn Reykjavíkur	4,231	4,27	4,47	2,99	3,82	4,00	4,43	4,82	4,46	4,60	50-59%
7. Skrifstofa Velferðarsviðs Rvk.	4,210	4,41	4,41	3,53	3,96	4,37	4,26	3,84	4,54	4,38	50-59%
8. Borgarbókasafn Reykjavíkur	4,115	4,21	4,41	2,83	3,61	4,31	4,17	4,57	4,48	4,25	50-59%
9. Félagsbústaðir hf. *	4,113	4,23	4,18	3,41	4,10	4,46	4,17	3,57	4,17	4,54	80-100%
10. Aðalskrifstofa Akranesbæjar	4,012	4,17	4,40	2,79	3,73	3,96	4,43	3,91	4,18	4,30	70-79%
11. Skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs Rvk.	3,877	4,12	4,08	2,71	3,35	4,05	4,14	3,67	4,23	4,31	60-69%
12. Skrifstofa Skóla- og frístundasviðs Rvk.	3,832	4,23	4,22	3,08	3,51	3,88	3,93	3,19	4,08	4,05	35-49%
13. Ölduselsskóli	3,785	4,12	3,98	2,26	3,18	4,25	4,21	3,88	4,04	3,98	50-59%
14. Foldaskóli	3,603	3,80	4,00	2,31	3,14	3,56	4,21	3,49	3,80	3,91	35-49%

* Vinnustaðir með alla starfsmenn.

STOFNUN ÁRSINS - Einkunnir einstakra stofnana (alls 944 svarendur)

Stofnanir með 5-39 starfsmenn	Heildar-einkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálftæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall
Meðaltal	4,199	4,28	4,36	3,45	4,08	4,40	4,35	4,01	4,35	4,38	
1. Jafnréttisstofa	4,784	4,93	4,92	4,63	4,52	4,80	4,72	4,71	4,94	4,81	80-100%
2. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	4,752	4,82	4,81	4,21	4,87	4,73	4,84	4,72	4,84	4,81	80-100%
3. Menntaskólinn á Tröllaskaga	4,679	4,74	4,65	4,11	4,91	4,64	4,75	4,79	4,78	4,64	80-100%
4. Geislavarnir ríkisins	4,638	4,79	4,80	3,78	4,51	4,66	4,68	4,70	4,70	4,90	80-100%
